

Skipulagsmál - atvinnuhúsnæði

Umræðupunktur

Hver er staða skipulagsmála á Vopnafirði? Fyrir liggur gildandi aðalskipulag til 2026.

Innan skipulags er iðnaðarsvæði ofan byggðar.

Er hægt að bjóða íbúðar- og/eða atvinnuhúsnæði nú þegar ef eftir því er leitað?

Stóra vöruskemman í miðbænum gefur möguleika en er ekki bæjarprýði og þarf að laga.

Vakin er athygli á að handan þess húss er eitt fegursta hús bæjarins – Framtíðin - og það þarf að njóta sín í bæjarmyndinni.

Bílar og vélar búa þröngt en staðsetningin er afburðagóð m.t.t. helstu viðskiptavina, þ.e. hafnar og HB Granda hf.

Vöruskemman: Lausn gæti legið í að minnka/stytta vöruskemmuna um eitt bil.

Umferð um höfn takmörkuð vegna öryggisreglna og hindrar uppbyggingu Sjávarbyggðar ... mögulega.

Niðurstöður

Góður efniviður fyrir framtíðarumræðu og er vísað til hennar hér að neðan.

Næstu skref

Lagt er til að sveitarfélagið setji saman *pakka* fyrir fyrirtæki sem inniheldur ýmis konar kjör fyrir hlutaðeigandi aðila til að hasla sér völl á nýjum stað en þess ávallt gætt að ekki verði farið á svig við samkeppnislög gagnvart núverandi fyrirtækjum.

Sveitarfélagið útbúi lóðir fyrir atvinnuhúsnæði sem hægt er að afgreiða þegar í stað.

Sveitarfélagið útbúi íbúðalóðir með sambærilegum hætti þar sem búið er að ganga frá öllum þáttum fyrir verðandi byggingaraðila.

Sveitarfélagið í samvinnu við þekkingaraðila leiti allra leiða til að finna hagkvæmustu leið við byggingu íbúðarhúsnæðis í svf. Með því hefur svf. lagt sitt af mörkum til aðstoðar íbúa án þess að standa sjálft að byggingarkostnaði.

Sveitarfélagið komi að byggingu leiguhúsnæðis meðan enginn aðili annar fæst til þess en líkur eru á að aðrir muni fylgja fordæmi þess verði fyrirsjáanleg uppbygging í svf.

Helsta uppbyggingarsvæði íbúðarhúsnæðis verði ofan miðsvæðis þéttbýlisins þar sem stutt er í þjónustuna í stað þess að teygja byggðina úr óhófi til beggja átta.

Þjónusta smábáta verði færð af núverandi stað á Ásbryggju enda fer illa saman þjónustan við þá á núv. stað m.t.t. annarrar skipaumferðar.

Leitað verði leiða til uppbyggingar nýs hótels, á t.a.m. Merkistúni, Leiðarhöfn og víðar, með ívilnunum án þess að skaða þá aðila sem fyrir eru í svf. með sambærilegan rekstur.

Íþróttavöllurinn nýi vel staðsettur og hvatt til uppbyggingar í kringum hann, skilur á milli íbúðabyggðar og atvinnusvæðis. Nýju æfingasvæði verði fundinn staður á öðrum stað skammt frá, í nálægð nýrrar byggðar.

Tjaldsvæðisuppbygging tengd núverandi stað en beðið átekta m.t.t. uppbyggingar á Ásbrandsstöðum.

Horft er til uppbyggingar með hliðsjón af uppbyggingu í Finnafirði þótt hinn almenni íbúi hafi lítið um málið að segja áður en ákvörðun um framkvæmdir er tekin. Horft er til þess að uppbyggingin verði grundvöllur mikilla breytinga í sveitarfélaginu sem og Langanesbyggðar.